

Breytingartillaga vegna texta í áfangaskjali¹

með skýringum

frá Eiríki Bergmann Einarssyni, Gísla Tryggvasyni og Írisi Lind Sæmundsdóttur

Lagt fram á 16. fundi Stjórnlagaráðs, 12. júlí 2011

Heiti kafla

1. Heiti ákvæðis

Breytingartillaga	Ákvæði eftir breytingu ²	Ákvæði í áfangaskjali/fyrirliggjandi tillögu
Svohljóðandi lokaorð 1. málsliðar 3. mgr. 3. gr. í kafla um ráðherra og ríkisstjórn falli brott: „ en ráðherrar skulu ekki vera fleiri en tíu“	Forsætisráðherra ákveður skipan ráðuneyta og tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim.	Forsætisráðherra ákveður skipan ráðuneyta og tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim, en ráðherrar skulu ekki vera fleiri en tíu.

Skýring: Í ákvæðinu felst óþarflega mikil takmörkun á því svigrúmi sem tillögur nefndar B fela að öðru leyti í sér, t.d. í samsteypustjórnnum 2ja eða 3ja flokka, enda þótt flutningsmenn telji fjölda ráðherra í kringum tíu hæfilegan. Þingflokkar og leiðtogar stjórnarflokka þurfa rými til þess að geta tekið tillit til margvíslegra stjórnsmálalegra þátta í vali á ráðherrum sem ófært er að stjórnarskrábinda um of.

¹ Vinnu við áfangaskjalið lýkur ekki fyrr en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

² Grænt letur og undirstrikað gefur til kynna breytingu eða viðbót miðað við fyrirliggjandi texta.